



Stjórn Læknafélags Íslands fyrir framan nýjan bústað Orlofssjóðs vð Hreðavatn þar sem vinnufundurinn var haldinn. Frá vinstri: Oddur Steinarsson (FÍH), Ragnar Freyr Ingvarsson (LR), Steinunn Þórðardóttir formaður, Sólveig Bjarnadóttir (FAL), Magdalena Ásgeirsdóttir (SFL), Þóráis Þorkelsdóttir (FAL), Margrét Ólafía Tómasdóttir (FÍH) og Theódór Skúli Sigurðsson (SFL). Mynd/Dögg Pálsdóttir

Formaður LÍ segir átakavetur framundan

„Við búum okkur undir átakavetur,“ segir Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélagsins, en stjórnin fundaði um miðjan mánuðinn á Hreðavatni. „Tilgangurinn var að fara yfir stefnuna og setja aðgerðar-áætlun. Það var mikill samhljómur í hópnum,“ segir hún en aðgerðirnar framundan verða kynntar á aðalfundi félagsins þann 14. október.

Kurr er í læknum. „Kjarasamningarnir

eru lausir í lok mars. Við sjáum, eins og flestir, fram á gríðarleg átök á vinnu-markaðnum. Okkur finnst mikilvægt að lækna sitji ekki eftir varðandi kjör. Þeir hafa verið að dragast aftur úr undanfarin ár,“ segir hún. Margt sé undir í þessum samningum.

„Ekki aðeins kjörin heldur einnig framtíðarmönnun heilbrigðiskerfisins. Við verðum að ná samningum svo fólk geti

hugsað sér að vinna hér á landi. Við upplifum að það sé undir. Þessir samningar snúast því um framtíðarheilbrigðisstefnu landsins og hvort okkur tekst að standa undir fyrsta flokks þjónustu.“

Steinunn segir ástandið ískyggilegt. „Það er því afar mikilvægt að við lækna stöndum sameinuð sem stétt. Það er númer 1, 2, og 3,“ segir hún. „Á þessum fundi stöppuðum við stálinu hvert í annað.“

Ritstjórn og tveir starfsmenn samankomin á ritstjórnarskrifstofu Læknablaðsins. Gumnildur Arna Gunnarsdóttir blaðamaður, Lilja Sigrún Jónsdóttir heimilislæknir fyrir framan, Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir hjartalæknir, Gunnar Thorarensen svæfinga- og gjörgæslulæknir, Helga Ágústa Sigurjónsdóttir ritstjóri og innkirtlalæknir, Magnús Haraldsson geðlæknir, Berglind Jónsdóttir barnalæknir, Hulda María Einarsdóttir skurðlæknir og Védís Skarp-héðinsdóttir ritstjórnarfulltrúi. Á myndina vantar Ólaf Árna Sveinsson taugalækni. Mynd/Ingvar Freyr Ingvarsson



Skerptu á verkferlum Læknablaðsins á vinnufundi

Rífandi gangur er í innsendingum á fræðigreinum til Læknablaðsins. Alls hafa 45 greinar verið sendar inn það sem af er ári. Þær voru 51 allt árið í fyrra

„Þetta hefur verið skemmtilegt og gaman að sjá hvað lækna hafa verið duglegir að senda blaðinu fræðiefni. Ég tel að hópur lækna hafi fengið smá svigrúm til að huga að rannsóknum sínum í COVID.

Staðan nú gæti því verið uppsöfnuð. Við sjáum á næstu misserum hvernig þróuninni vindur fram,“ segir Helga Ágústa Sigurjónsdóttir ritstjóri Læknablaðsins um það að þegar hafa 45 fræðigreinar borist blaðinu á árinu.

„Við sem stundum vísindi finnum þó að COVID-álagið hefur víða komið niður á vísindastarfinu, sérstaklega hjá ungum



Þórunn Helga Felixdóttir og Eyrún Baldursdóttir eru nýútskrifaðir öldrunarlæknar. Þórunn verður á Landspítala en Eyrún á Eir. Mynd/Steinunn Þórðardóttir

Eyrún og Þórunn útskrifast fyrstar úr íslensku sérnámi öldrunarlækninga

Eyrún Baldursdóttir og Þórunn Helga Felixdóttir eru fyrstar til að útskrifast úr sérnámi í öldrunarlækningum hér á landi eftir marklýsingu sem byggði á viðamikilli reglubreytingu frá árinu 2015.

Með henni feta þær í fótspor Eyjólfsson Haraldssonar, sem varð fyrstur til að fá viðurkenninguna snemma á þessari öld, og Grímu Huldar Blængsdóttur, en útskrift hennar byggði á reglugerðinni þá ósamþykkttri.

Báðar eru þær Eyrún og Þórunn almennir lyflæknar í grunninn en öldrunarlækningar eru einnig kenndar sem viðbótarsérgrein við heimilislækningar hér á landi og var sú breyting staðfest með reglugerðinni. Útskrift þeirra Þórunnar og Eyrúnar festir umgjörðina í kringum sérnámið í sessi.

„Stórtíðindi,“ segir Konstantín Shcherbak kennslustjóri sérnámsins. Þær Þórunn Helga og Eyrún fagna útskriftinni. „Merkileg tímamót að klára,“ segir Þórunn. Námið hafi verið krefjandi vegna COVID.

læknum. Það er því mikilvægt að læknar haldi nú vel á spöðunum og slái ekki slöku við.“

Ritstjórn *Læknaþbladsins* hittist á vinnufundi nú í septembermánuði. Farið var yfir verklag og vinnslu blaðsins. „Við erum ánægð að sjá hvað læknar eru tilbúnir að tjá sig við blaðið. Það er frábært. Ég tel mikilvægt að við fylgjum fréttum

„En þetta er svo skemmtilegur hópur sérfræðilækna sem við vinnum með. Það hefur gert þetta að góðum tíma og við fengið tækifæri til að læra margt og þroskast í starfi. Margir lögðu mikið á sig til að þetta gengi upp.“ Undir það tekur Eyrún.

Haldið var upp á tímamótin. „Öldrunarlæknar buðu okkur út að borða,“ segir Þórunn. „Við áttum skemmtilegt kvöld þegar við fögnuðum áfanga okkar og að prógrammið hefði í fyrsta sinn útskrifað lækna.“


Þórunn byrjar nú að vinna sem öldrunarlæknir á Landspítala en Eyrún á öldrunarendurhæfingaradeild hjúkrunarheimilisins Eirar. „Ég vinn með ótrúlega góðu þverfaglegu teymi að endurhæfingu sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á og hefur verið draumur minn.“

Báðar mæla þær heilshugar með náminu en þó enn frekar með kollegunum. „Dásamlegasta fólk veraldar hefur valið öldrun og mig langaði að vera kollegi þeirra,“ segir Eyrún sem hefur náð því markmiði sínu.

af því sem er að gerast í kringum lækna þá og þá stund. Það er gaman að sjá það verða að veruleika í blaðinu,“ segir Helga.

Átta læknar sitja nú í ritstjórn. „Hópurinn er fjölbreyttur, nær vel saman og reynslan innan hans af ritstjórnarstörfum fyrir *Læknaþbladið* mislöng. Það blása því ferskir vindar í bland við trausta þekkingu á kjarna-

Ljóð úr *Dagsláttu*, nýrri bók Ara Jóhannessonar lyflæknis



Tjaldmorgunn á Suðurlandi

*Þú stígur upp úr svefninum
rennir sundur tjaldinu
milli dags og nætur*

*Teygir nekt þína
móti Skálholtsbirtunni*

*Hleypir nóttinni út
yfir morgunblaut engin*

*Veist að hún skildi
litla stjörnu eftir
á festingu slímhúðar*

*Leg er hjarta um
hjarta, sláttur þeirra
lofsöngur til lífsins núna
og næsta*

*Við fyrsta grát að vori
hlaupa hvítar ár
úr mjólkurþungum brjóstum*



Ari Jóhannesson

starfsemi blaðsins. Þetta er samstillt ritstjórn.“

Helga Ágústa segir að breytingar hafi verið ákveðnar á fundinum. „Þær munu birtast lesendum og ég hlakka til að heyra og sjá viðbrögð lækna við þeim.“